



Borgarráð

Reykjavík, 8. júní 2026  
MSS26060027

## **Erindisbréf - Stýrihópur um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu**

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu.

### **Greinargerð:**

Á fundi borgarstjórnar þann 2. júní sl. var samþykkt tillaga Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stofnun stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu. Markmið verkefnisins er að gera stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, bæði miðlæga og á fag- og kjarnasviðum skilvirkari, gagnsærri og þjónustumiðaðri, draga úr kostnaði við yfirbyggingu og nýta fjármuni borgarinnar betur. Markmiðunum verður náð með því að innleiða afmarkaðar og mælanlegar breytingar. Gert er ráð fyrir utanaðkomandi ráðgjöf og að innleiðingu verkefna verði lokið eigi síðar en júní 2028.

Hildur Björnsdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu.



**Reykjavík**



MSS26060049

# ERINDISBRÉF

## Stýrihópur um hagræðingu og innleiðingu breytinga hjá Reykjavíkurborg

### Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Í samstarfsyfirlýsingu meirihluta borgarstjórnar kemur fram að brýnt sé að ráðast í róttækar breytingar á stjórnskipulagi og rekstri borgarinnar, nýta tíma og fjármuni betur með það að markmiði að bæta þjónustu.

Rekstur borgarinnar stendur ekki undir nauðsynlegri fjárfestingu og viðhaldi innviða. Kostnaður við miðlæga stjórnsýslu borgarinnar er hærri en landsmeðaltal, og hærri en samanburðar sveitarfélaga.

Nauðsynlegt er að bæta rekstur borgarsjóðs, m.a. til að:

- skila meira fjármagni í fjárfestingar og niðurgreiðslu skulda
- fjárframlög til grunnþjónustu
- lækka skatta í samræmi við verkefnalista meirihlutans

Stjórnkerfi borgarinnar er flókið.

- Hlutverk, umboð og ábyrgð óljóst.
- Tímafrestrir standast illa
- Upplifun borgarbúa að kerfið sé ekki að vinna með borgurunum heldur á móti því

### Markmið

Markmið verkefnisins er að gera stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, bæði miðlæga og á fag- og kjarnasviðum skilvirkari, gagnsærri og þjónustumiðaðri, draga úr kostnaði við yfirbyggingu og nýta fjármuni borgarinnar betur. Markmiðunum verður náð með því að innleiða afmarkaðar og mælanlegar breytingar.

### Undirmarkmið:

- Skilvirkni og kostnaður.
  - Draga úr yfirbyggingu, einfalda verkferla og stytta afgreiðslutíma erinda.
  - Skýra hlutverk, umboð og ábyrgð kjörinna fulltrúa annars vegar og stjórnenda hins vegar.
- Gagnsæi.
  - Byggja ákvarðanir á bestu fánlegum gögnum og mati á ábata.
- Valfrelsi og þjónusta.



Reykjavík



- Færa borgarkerfið frá eftirliti og stýringu yfir í þjónustu og traust
  - Skapa tækifæri til að bjóða borgarbúum fleiri valkosti í þjónustu
- Mannvirðing.
  - Standa faglega og af virðingu að breytingum sem snerta starfsfólk.
- Árangur.
  - Innleiða menningu í stjórnkerfi borgarinnar sem gerir skýra kröfu um ábyrgð, ábata og árangur verkefna í þágu borgarbúa. Með mælanlegum markmiðum fyrir hvert verkefni.

### **Hlutverk og umboð**

Stýrihópurinn skal kortleggja og leggja mat á fyrirliggjandi úttektir, greiningar og tillögur að breytingum á stjórnsýslu og rekstri borgarinnar. Stýrihópurinn leiðir innleiðingu skipulagsbreytinga í stjórnsýslu borgarinnar ásamt sviðsstjórum og borgarritara. Stýrihópurinn ber ábyrgð á framgangi breytinganna í umboði borgarráðs, setur áherslur og forgangsröðun, fylgist með árangri gagnvart settum mælikvörðum og tryggir að innleiðingin styðji við markmið verkefnisins.

### **Afmörkun verkefnisins og tímalína**

Áhersla er á breytingar á stjórnsýslu og rekstri Reykjavíkurborgar.

Verkefnið hefst í júní 2026 og innleiðingu lýkur í júní 2028

- Grunnlína skráð sumar og haust 2026
- Árangursmælingar ársfjórðungslega og samhlíða birtingu ársreiknings hvers árs.

### **Stýrihópurinn skipa**

- Hildur Björnsdóttir, borgarstjóri
- Björg Magnúsdóttir, forseti borgarstjórnar
- Einar Þorsteinsson, formaður borgarráðs
- Róbert Ragnarsson, borgarfulltrúi sem verður formaður. Hlutverk formanns er að leiða starfið, boða fundi og vera talsmaður verkefnisins gagnvart borgarráði og fjölmiðlum.
- Ari Edwald, borgarfulltrúi
- Pétur Hafliði Marteinsson, borgarfulltrúi

Aðrir fulltrúar taka virkan þátt í forgangsröðun, eftirfylgni og ákvarðanatöku.

### **Fagleg aðstoð**

Stýrihópurinn mun fá aðstoð starfsmanna borgarinnar sem leggja til faglega þekkingu, svo sem á sviði:

- Stjórnsýslu- og starfsmannaréttar
- Stjórnun breytinga
- Fjármála og reksturs

Sérfræðingarnir hafa ráðgefandi hlutverk og útbúa greiningar og undirbúningsgögn fyrir ákvarðanir stjórnarinnar.

**Afurðir**

Stýrihópurinn leggur fram tillögur til borgarstjóra. Tillögur eru lagðar fram jafnóðum og þær eru tilbúnar til ákvarðanatöku og innleiðingar, í stað þess að bíða heildarniðurstöðu í lok verkefnisins. Í lok verkefnisins verður lagt mat á árangur þess.

**Starfshættir**

Stýrihópurinn fundar reglulega, heldur skrá yfir ákvarðanir og fylgist með framgangi verkefna gagnvart verkefnisáætlun.

**Starfsmaður**

Með stýrihópunum starfar starfsmaður frá fjármála- og áhættustýringasviði. Stýrihópurinn skal fá greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og hafa heimild til að taka viðtöl og fundi með stjórnendum.

**Fjárheimildir**

Stýrihópi er heimilt að leita til ytri ráðgjafa vegna verkefnisins.

**Starfstímabil:**

Starfshópurinn er skipaður til 30. júní 2028.

Reykjavík, [dags.] júní 2026

Hildur Björnsdóttir  
borgarstjóri